

*Hann er hinn aldyrlegi.*

Ástvina Guðs, sem hafa snúið sér frá hafi Móse-laga að útsævi hins alvalda Drottins og bylgjandi vötnum aldinnar fegurðar Hans, hefur ætíð verið minnst í forgarði margvíslegra gjafa Hans og í návist Drottins allsherjar. Nú þegar sólin á himni heilagleikans hefur stigið upp til hins upphafnasta ríkis og risið yfir sjónarhring herskaranna aldyrlegu er sérhvers stöðugs og staðfasts átrúanda minnst í því ríki heilagleikans í tignarlegri návist Hins elskaða.

Örvæntið ekki vegna þessarar hörmulegu ógæfu, þessarar sáru þrengingar. Því þótt Hin aldna fegurð sé nú hulin sjónarhring heimsins skín ljós Hans frá himni eilífðar í hinu almesta ríki. Dapraðist eilífur ljómi frá sjónarhring Móse fyrr á tímum eftir að Hann steig til ríkjanna á hæðum? Nei, sem Drottinn er réttlátur! Ljosið varð jafnvel enn skærara og bjartur logi minningar Guðs steig enn hærra. Nú munuð þið sjá enn og aftur áður en langt um líður hvernig skínandi ljós guðlegrar einingar umvefur ríki tilverunnar og gunnfáni orða Hans verður reistur á hæstu hæðum veruleika alls sem er.

Ester var kona. Þegar henni veittist hreinn ásetningur og hún beindi sjónum að Drottni, hvílíka þjónustu var henni ekki gert kleift að inna af hendi! Sjáið nú grafhýsi þessarar konu af göfugri ætt og gætið að öllum fjölda þeirra völdugu konunga sem réðu yfir Persíu, Transoxaníu og öðrum löndum heims. Hvorki nafn, orðstír né ummerki standa eftir af þeim; þeir eru allir horfnir í djúp gleymsku og niðurlægingar. En þegar þessi kona, sem var stolt allra, gekk vegu Hins almiskunnsama, lifðu verk hennar og áhrif og nafns hennar er enn þá minnst meðal ástvina Guðs. Gætið vel að, ó þið sem hafið innsæi!